

Prýði Adorn



v e r k w o r k

1 Work Wear
Erla Silfá Þorgrímsdóttir 2012
Felt, tituprjónar, þráður, krít,
vatslitir, akril málning
Felt, toile, tailors pins, thread,
chalk, watercolour, acrylic paint


2 Án titils *Untitled*
Svala Sigurleifsdóttir 1981
Grafík, Silkiprykk
Silkscreen

3 Án titils *Untitled*
Þóra Sigurðardóttir
1994
Skúlpturn, Blönduð tækni
Mixed media sculpture

4 Húsið *The House*
Anna Línal 1994
Nýir miðlar, Innsetningar
New media installation

5 Úr sögu mannsins
From the History of Man
Hildur Hákonardóttir 1971
Skúlpturn, Lágmyndir
Relief sculpture

6 Lokið *The Lid*
Hildur Hákonardóttir 1971
Textillist
Mixed media textile



PRÝÐI

Þegar við prýðum í hefðbundnum skilningi orðsins, skreytum við einstakling eða hlut til fegurunar og áhersluauka. Verkin hér á sýningunni eiga það sameiginlegt að hverfast um orðið *prýði*. En ekki þannig að líta ætti á þau sem skraut eða að tilgangur þeirra sé að vera einhvers konar glingur. Í hverju verki á sýningunni má finna eiginleika prýðis sem tekur á spurningum um fegurð í samhengi hversdagsleikans. Verkin geyma hugmyndir um ákveðna afbyggingu og draga fram mótsagnir sem tengjast heimilisstörfum eða eiga uppruna í hinu skipulagða og fyrirfram ákveðna heimilismhverfi. Hér bergmálar rýmið af áskorunum og viðfangsefnum þess manngerða. Listamennirnir á sýningunni, sem allar eru konur, hafa unnið með hversdaginn á þann hátt að við, áhorfendurnir, getum ekki annað en litið í eigin barm og velt fyrir okkur eigin hugmyndum um kvenhlutverkið og fegurð, en einnig til sögunnar og ímynd konunnar innan heimilisins.

Hin prýddu eru hér ekki á borð borin sem skraut. Hérna er rýmið sett fram sem líkamleg hefting; Skörp og beitt form minna okkur á hryggjarsúlu og vekja með okkur óþægindatilfinningu; Hinir upphöfnu líkamspartar, hliðstæða kvenleikans, vísa í ólokna sögu sem hlutgerist í aldagamalli handavinnu og nostri; Spjöldin sem geyma hina "útöldnu" getnaðarvörn mynda útlínur fígúra sem virðast ræða saman; Hlutar húss bundnir og vegnir niður af saumþráðum; Tillaga að nýjum þjóðbúningi kvenna er jafnframt atlega og aðlögun að nútímanum. Hinu heimilislega er sankað saman og það kortlagt með tilliti til rýma heimilisins og líkamans. Þessi hagræðing hins hefðbunda fær okkur til að líta á samband okkar við áður nefnd viðfangsefni. Hugmyndir og efni leitast eftir að endurmóta fyrri skoðanir okkar og sýn. Verkin á sýningunni færa okkur í raun aftur í tímann en minna okkur jafnframt á að enn eimir af því sem áður var.

Sum verkanna hafa verið sýnd áður í Nýlistasafninu en þreyta hér frumraun sína í Lifandi Safneign. Önnur er verið að taka í fyrsta sinn upp úr kóssum síðan þau voru gefin safninu. *Prýði* er önnur sýningin í sýningarröðinni *Konur í Nýló* og má hér líta verk eftir Önnu Línal, Erlu Silfá Þorgrímsdóttur, Hildi Hákonardóttur, Svölu Sigurleifsdóttur og Þóru Sigurðardóttur.

Becky Forsythe býr og starfar í Reykjavík. Hún útskrifaðist með BFA í myndlist frá York Háskólanum í Torontó, lauk meistaranámi í efnismenningu frá háskólanum í Manitoba og hefur Diplómaskírteini frá Georgian College í safnafræði með áherslu á samtímamyndlist. Becky hóf störf í Nýlistasafninu í janúar 2015 og situr í varastjórn safnsins. Hún er einn af stofnendum listamanna- og sýningastjórahópsins *publicarchives*, sem er samstarf milli Íslands og Kanada. Í verkefnum sínum rannsakar Becky þróun merkingar og þekkingar gegnum mismunandi áherslur á hugtökum og aðferðum innan safnafræði og heimildarsafna.

ADORN

In the traditional sense when we *adorn*, we lend beauty and increase distinction by adding to a person or thing as if with ornaments. The works presented in this exhibition come together under this word, but not in the way that they should be seen as decorative or serve some sort of ornamental purpose. What occurs rather in each is a certain adornment that addresses the question of beauty in the context of an everyday setting. The works contain an awareness of reconstructed materials that relate to domestic activity or arrive from within arranged spaces. There is an echo of the challenges of our manmade perceptions to be heard. The artists, who are all female in this case, have reconsidered the everyday that surrounds them in a way that forces us to look into our relationship to the female role and to beauty, but also to the history that exists within this domestic identity.

The adorned arrive not as decorated things, as in the most common sense of the word. Rather the bed and site of physical restraint indicates to us a sense of discomfort, sharp forms build a spine; the prized counterparts to femininity are intricately reconstructed stitch by stitch to convey an incomplete history over time; "ideal" contraceptives line the image of figures in dialogue; elements of the house tied and weighted down by ordinary threads; and a proposal for a new national costume for women convey to us our attempt towards *modernness*. The domestic accumulates in a mapping of surfaces and the spaces of the home and the body, and a repositioning of the ordinary that asks us to look into our relationship to this subject itself. Both ideas and material attempt to reconstruct our perceived views. These very works not only help us travel back into another time, they also remind us that we are not so far away and that traces of that history are still to be felt.

Some of these works are making their debut here in the Living Collection, while others are coming out of their crates for the first time since they were gifted to the museum. *Adorn* is an important gesture in the series *Women in Nýló* with works by **Anna Línal**, **Erla Silfá Þorgrímsdóttir**, **Hildur Hákonardóttir**, **Svala Sigurleifsdóttir** and **Þóra Sigurðardóttir**.

Becky Forsythe currently lives and works in Reykjavík. She graduated with a Bachelor of Fine Arts from York University, received her Master of Arts from the University of Manitoba, and a Graduate Certificate from Georgian College specializing in Museum and Gallery Studies. Becky is Collections Assistant and Alternate Board Member at The Living Art Museum, and co-founder of the artist/curatorial collective *publicarchives*, a collaboration between Iceland and Canada. Her practice engages notions of the evolution of meaning within accumulation, collecting, and the archive.